

SMÁVIRKJUN VIÐ GESTREIÐARSTAÐAHÁLS MÚLAÞINGI

DEILISKIPULAG – GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA



VERKNÚMÉR: 02-701-006						
SKJALANÚMÉR: 02-701-006-G001						
NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 001						
002	30.8.2023	SSP	SSP			Neyðarlínan
001	10.5.2023	SSP	SSP	JFG	MG	Neyðarlínan
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	LÝSING	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMÞYKKT	VERKKAUPI

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	3
1.1 Deiliskipulagssvæðið	3
1.2 Aðkoma og staðsetning skipulagssvæðis	3
1.3 Eignarhald á skipulagssvæði	4
1.4 Framkvæmdaraðilar og markmið framkvæmdar	4
1.5 Landslag og gróðurfar	5
1.6 Fuglar og spendýr	6
1.7 Menningarminjar	6
1.8 Vatnshlot	6
2. Stefnumörkun	9
2.1 Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.2 Landsskipulagsstefna	9
2.3 Aðalskipulag	9
2.4 Deiliskipulag	10
2.5 Verndarsvæði	11
2.6 Leyfisveitingar	11
2.7 Orkuskipti	11
3. Skilmálar	12
3.1 Mæli- og hæðablöð - hnitakerfi	12
3.2 Landnýting	12
3.2.1 Lóð	12
3.2.2 Stærð og hæð húsa	12
3.2.3 Efnis- og litaval	13
3.2.4 Jarðstrengir	13
3.2.5 Fallpípa	13
3.2.6 Frágangur	13
3.2.7 Vegir/slóðar	13
3.2.8 Fjarskipti	13
4. Umhverfisskýrsla	14
5. Kynning, afgreiðsla og samþykkt	15
5.1 Samráð og kynning	15
5.2 Umsagnaraðilar	15
5.3 Samþykktir	15


Myndaskrá

Mynd 1 Staðsetning skipulagssvæðisins	Kort Logg/Google map.....	3
Mynd 2 Deiliskipulagssvæðið við Gestreiðarstaðaháls	Kort: Logg.....	4
Mynd 3 Lagnaleiðir í landslagi	Myndvinnsla : Logg slf.....	5
Mynd 4 Langadalsá er í vatnsholti Kollseyra auðkennt ljósbláum lit. Kort www.vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap .		8
Mynd 5 Tengsl frá landsskipulagi yfir í leyfi til framkvæmda.	Mynd af www.landsskipulag.is/	9
Mynd 6 Mynd 5 Sveitarfélagsuppráttur A	Kort: Alta	10

1. Inngangur

Neyðarlínan ohf. hyggst reisa smávirkjun/heimarafstöð við Gestreiðarstaðaháls, á Jökuldalsheiði, við afleggjara að þjóðvegi 1 niður að Vopnafirði og er í Múlaþingi. Rafstöðin mun nýta vatn í Langadalsá, sem rennur við hálsinn norðanverðan. Þar er nægjanlegt vatn og fall til að framleiða 50-60kW. Aðeins lítt hluti vatnsrennslis verður nýttur við orkuframleiðsluna. Staðsetning er í landi Möðrudals sem er í eigu ríkissjóðs.

Breytingar hafa verið gerðar á texta í kafla 2.3, 3.2, 3.2.1, 3.2.5, 3.2.7 og 4. og kafla 1.8 bætt inn



Mynd 1 Staðsetning skipulagssvæðisins

Kort Logg/Google map

1.1 Deiliskipulagssvæðið

Svæðið er á öldóttri hásléttu, í ríflega 500 m h.y.s. norðan Jökuldals, móbergshryggir allbrattir og gróðurlitlir og urðir, en mólendi í undirhlíðum og mýrar og lækir í lægðum. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað á meðfylgjandi uppdrætti teiknnr. 02 701 006 D001 og er um 39 ha að stærð.


1.2 Aðkoma og staðsetning skipulagssvæðis

Skipulagssvæðið er við þjóðveg nr. 1 í austurenda Langadals og uppi á Axlarkolli, þar sem fjarskiptamastur er staðsett og að áningarplani Vegargerðarinnar við afleggjara til Vopnafjarðar. Svæðið er dæmigert fyrir Jökuldalsheiði, móbergshryggir með grösugum dal á milli, þar sem lækir renna um. Langadalsá rennur út úr

Langadal um gil sem hefur myndast í móbergshrygg (kubbaberg) og sameinast Kollsá. Fallið frá áætluðu inntaki í stöðvarhús er um 30-40 m.

1.3 Eignarhald á skipulagssvæði

Staðsetning er í landi Möðrudals sem er í eigu ríkissjóðs.



Mynd 2 Deiliskipulagssvæðið við Gestreiðarstaðaháls

Kort: Logg

1.4 Framkvæmdaraðilar og markmið framkvæmdar

Á Gestreiðarhálsi er fjarskiptastöð, nú affædd með hrólíurafstöð (diesel) sem gengur allan sólarhringinn allt árið. Orkunotkun er að jafnaði um 5kW og eldsneytisnotkun er um 11.000 lítrar á ári. Neyðarlínan ohf. hyggst reisa vatnsaflsstöð sem mun nýta vatn í Langadalsá sem rennur við hálsinn norðanverðan. Fjarskiptastöðin verður tengd vatnsaflsstöðinni um lágspenntan rafstreng sem verður um 1,2 km. Með honum verður lagður ljósleiðarastrengur til stýringa. Með þessari framkvæmd verður hægt að leggja af verulega brennslu jarðefnaeldsneytis.

Afgangsorka verður 45-55kW, háð endanlegri stærð vatnsaflsstöðvarinnar, sem gæti nýst t.d. fyrir ferðatengda þjónustu, svo sem veitingasölu og salernum sem og hleðslustöð og lýsingu á plani við þjóðveg nr. 1.


Útbúið verður um 200 m² inntakslón í gili sem áin rennur í og þaðan lögð niðurgrafin 400 mm pípa um 700 m leið að stöðvarhúsi, sem verður rétt neðan við þjóðveg nr. 1. Fallhæð verður við það um 40 m. Miðað er við að stöðvarhús, sem er innan við 10 m², verði útbúið á verkstaði og flutt fullbúið með túrbínu á verkstað.

Gert er ráð fyrir því að Neyðarlínan ohf., Míla ehf., sem á fjarskiptastöðina, og Orkusjóður fjármagni byggingu vatnsaflsstöðvarinnar. Neyðarlínan hefur þegar byggt sambærilegar vatnsaflsstöðvar og rekur þær nú með góðum árangri. Verkefnið er í samræmi við stefnu ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn loftlagsvá, þar sem vatnsafl er endurnýjanlegur og grænn orkugjafi og kemur í stað hráolíu sem flutt er til landsins og er óendurnýjanleg og mengandi orka. Hráolía gefur frá sér mengun í formi koltvíoxíðs, niturs og lofttegunda, sem hafa neikvæð áhrif á loftgæði og heilsufar. Vatnsafl er grænn orkugjafi sem gefur ekki frá sér lofttegundir sem skaða umhverfið.

Það að hætta að brenna 11.000 lítrar af hráolíu á ári til rafmagnsframleiðslu og nota vatnsafl í staðinn, hefur marga kosti sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Miðað við bíl sem eyðir u.þ.b. 7 l/100 km og er ekið um 20.000 km á ári eru þessir 11.000 l eins og átta ára olíueyðsla hans.

Að nota vatnsafl í stað hráolíu getur einnig haft hagkvæmniáhrif. Vatnsafl er ódýrari en hráolía og er ódýrari kostur við rafmagnsframleiðslu.

Það að hætta að brenna 11.000 lítrum af olíu á ári til rafmagnsframleiðslu og nota vatnsafl í staðinn er hagkvæm lausn sem er ódýrari, með minni umhverfisáhrif og styður við stefnu Alþingis sem kemur fram í Aðgerðaráætlun um orkuskipti.



Mynd 3 Lagnaleiðir í landslagi

Myndvinnsla : Logg slf

1.5 Landslag og gróðurfar

Í Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Norðurheiðargriðland tekur yfir votlendis- og vatnasvæði á norðurhluta Jökuldalsheiðar, sem einnig er nefnd Tunguheiði, milli Möðrudalsfjallgarðs eystra að vestan og Fellahlíðar að austan. Eyðibýlið Háreksstaðir er að kalla á miðju griðlandinu og þaðan falla öll vötn til Hofsár í Vopnafirði. Mestur hluti tilheyrði þó Jökuldalshreppi.

Laust fyrir síðustu aldamót var nýr vegur lagður í gegnum þetta svæði, frá Þjóðvegi við Ármótasel, norðvestur um Háreksstaði yfir á Vopnafjarðarveg, sem jafnframt var endurbyggður vestur í gegnum Langadal. Þessi Háreksstaðavegur telst nú aðalvegur og er haldið opnum allan ársins hring, en gamli Möðrudalsvegur er aðeins opinn á sumrum.

Gróður á svæðinu samanstendur, samkvæmt kortasjá Náttúrustofnun Íslands; að mestu leiti að allvel grónum mómum með loðvíði, fjallavíði, krækilyngi og fleiri mólendistegundum. Vistgerðin finnst á miðhálandinu, einkanlega á flötum eða lítið eitt hallandi framburðarsléttum. Jarðvegur er sendinn og gróður er fremur lágvaxinn. Annað land er fremur þurrir, allgrýttir hálandismelar á flötu eða hallandi landi. Á yfirborði er víða sandur og vikur. Heildargróðurþekja er mjög lítil. Mosar í glufum og í skjóli við steina en hrúðurfléttur og skófir á grjóti.

1.6 Fuglar og spendýr

Svæðið er innan skilgreinds svæðis sem telst alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International.

Jökuldalsheiði, sem nær 500 m h.y.s., liggur austan Möðrudalsfjallgarðs á milli Jökuldals og Vopnafjarðar. Austurmörkin eru um Smjörvatnsheiði. Jökuldalsheiði er víða vel gróin með fjölda vatna og víðáttumiklum tjarnarflóum. Hún er alþjóðlega mikilvægt varpland álfra (206 pör 1981) og heiðagæsa (gróflega áætlað 1.500 pör). Eins hafa álfir á fjaðrafellitíma náð alþjóðlegum verndarmiðum.

1.7 Menningarminjar

Vegna gerðar deiliskipulags fór fram fornleifaskráning, unnin af Sagnabrunni vorið 2023, en samkvæmt henni fundust engar menningarminjar á svæðinu (fylgiskjal: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags: Uppsetning smávirksunar hjá Gestreiðarstaðahálsi, Jökuldal, Múlaþingi). Ef í ljós koma áður óþekktar menningarminjar, verða framkvæmdir stöðvaðar uns skriflegt leyfi frá Minjastofnun Íslands fæst um að halda megi framkvæmdum áfram, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

1.8 Vatnshlot

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf að gera grein fyrir áhrifum skiplagsins á vatnsholt svæðisins og umhverfismarkmiðum þeirra. Markmið laga um stjórn vatnamála er að: Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt vatnaáætlun 2022 – 2027 skulu öll vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau.

Langadalsá er í vatnsholti Kollseyra og hefur vatnshlota-númer (ID)102-1290-R og er í vatnsflokk Straumvatn. Gerðarheiti er bergvatn (jökulþekja á vatnasviði < 8%), ungt berg (11 þús. - 0,8 millj. ára) sem hefur lítil áhrif vatna/votlendis og hæð svæðis (h.y.s. < 600m).

Umhverfismarkmið:

Umhverfismarkmið vísar til þess í hvað ástandi vatnshlotið á að vera í samkvæmt lögum um stjórn vatnamála þ.e. þessa lagalega bindandi krafa sem umhverfismarkmið eru. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand hinsvegar segir til um það í hvaða ástandi vatnshlotið er og segir þar af leiðandi til um það hvort umhverfismarkmiði er náð eða ekki. Þannig að ef umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og rannsóknir síðan staðfesta það að svo sé, þá er umhverfismarkmiðum náð. Ef vistfræðilega ástandið er hinsvegar ekki gott, þá næst umhverfismarkmiðið ekki og fara þarf í aðgerðir til að koma því aftur í ástandið mjög gott.

Vistfræðilegt ástand er metið mjög gott > Í þessu tilfelli þ.e. í tilfelli vatnshlotsins Kollseyra, þá hefur vistfræðilegt ástand ekki verið raunverulega staðfest. Í vatnavefsjá stjórnar vatnamála segir í athugasemdadálki um matið á vistfræðilega ástandinu: „Ástand vatnshlota er handflokkað út frá líkindum 2023-06-29. Þörf er á gögnum til að staðfesta ástandsflokkun“. Það þýðir að samkvæmt líkindum (t.d. skorti á álagi og almennri þekkingu á ástandi íslenskra vatnshlota) hefur vatnshlotið verið metið í mjög góðu ástandi, en það sé hinsvegar byggt á þessum „líkindum

Efnafræðilegt ástand er metið gott > Þetta hefur ekki verið metið og skv. vatnavefsjá er efnafræðilegt ástand sett í „óþekkt“ þar sem ekki eru til neinar mælingar sem styðja það. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er hinsvegar ávallt að vera í góðu efnafræðilegu ástandi.

Áhætta svæðið er ekki talið í hættu > Hér er átt við hvort það sé einhver hættu á því að umhverfismarkmið náist ekki. Í aðdraganda vatnaáætlunar er gerð álagsgreining á öllum vatnshlotum landsins þar sem fyrirliggja gögn eða hugmyndir um að álag sé nægilega mikið til að draga þá ályktun að það sé einhver hættu á því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Fyrirhuguð virkjun mun valda álagi á vatnshlotið og hættu á því að umhverfismarkmið náist ekki. Gera þarf grein fyrir þessum breytingum og hugsanlegum áhrifum á vatnshlotin. Í 18. gr. laga um stjórn vatnamála sendur:


Umhverfisstofnun getur heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða

b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir að brennslu á miklu magni á jarðefnaeldsneytis verði hætt í nágrenni Kollseyra má leiða að því líkur að mengun muni minnka á svæðinu og að ástand yfirborðsvatnshlots muni ekki versna. Mælingar verða gerðar bæði áður en framkvæmdir hefjast og að þeim loknum.

Vatnshlotið hefur ekkert skráð álag.




Mynd 4 Langadalsá er í vatnsholti Kollseyra auðkennt ljósbláum lit. Kort www.vatnavefsja.vedur.is

2. Stefnumörkun

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Tengslum við aðrar áætlanir er best lýst með skýringarmynd (mynd 2), sem fengin er af www.landsskipulag.is/ og sýnir skýrt tengsl og ábyrgð aðila.



Mynd 5 Tengsl frá landsskipulagi yfir í leyfi til framkvæmda.

Mynd af www.landsskipulag.is/

2.2 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar:

- 🏡 Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- 🏡 Að skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi.
- 🏡 Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- 🏡 Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

2.3 Aðalskipulag

Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sjá sveitarfélagsupprátt B. Hjá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er náma sem er merkt E73 Sveigar, náma 6 í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Í stefnu sveitarfélagsins kemur fram að:

Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miði að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa. Sveitarfélagið vill greiða götu þeirra sem vilja virkja orku í


smáum stíl enda verði í skilmálum deiliskipulags gerð skýr krafa um vandaðan frágang og minnstu möguleg umhverfisáhrif, þótt ekki sé um tilkynningarskylda framkvæmd að ræða. Um slóða á óbyggðum svæðum sendur í aðalskipulagi Fljótdalshéraðs 2008-2028 „Umferð vélknúinna ökutækja um vegarslóðir sem þegar eru fyrir hendi skal heimil að sumarlagi, enda sé viðkomandi slóð greinileg“.

Framfylgd stefnu

Það telst eðlileg landnotkun á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum að þar sé komið fyrir mannvirkjum til framleiðslu á raforku í smáum stíl, enda nái slík mannvirki ekki því umfangi að framkvæmdin sé tilkynningarskyld. Í deiliskipulagi skal rökstutt að staðsetning og fyrirkomulag slíkra mannvirkja verði ekki til að rýra verulega umhverfisgæði. Sveitarstjórn getur heimilað slíkt mannvirki án deiliskipulags, ef einsýnt er að það hafi ekki áhrif á hagsmuni annarra en landeiganda.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 3. mars 2021:

Umhverfis- og framkvæmdaráð telur að áformin rúmist innan þess ramma sem Aðalskipulag Fljótdalshéraðs 2008-2028 mótar fyrir virkjanir af þessu tagi. Ráðið samþykkir því, í samræmi við það sem fram kemur í gögnum umsækjanda, að unnin verði skipulagslýsing og tillaga að deiliskipulagi fyrir framkvæmdina.



Mynd 6 Mynd 5 Sveitarfélagsuppráttur A

Kort: Alta

2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til staðar fyrir svæðið og mun því deiliskipulagsgerðin ekki hafa áhrif á aðrar deiliskipulagsáætlanir.



2.5 Verndarsvæði

Engar skráðar náttúrminjar eru innan skipulagssvæðisins, en svæðið er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla, heiðagæs og álf. Allar framkvæmdir verða unnar utan varptíma þeirra.

2.6 Leyfisveitingar

Uppbygging mannvirkja (byggingar) er byggingarleyfiskyld í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 eða þau lög sem gilda við útgáfu byggingarleyfis. Aðrar framkvæmdir eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við skipulagslög nr. 122/2010.

Þar sem virkjunin er undir 2 MW er hún ekki starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd en ef að setja þarf upp starfsmannaaðstöðu eða aðstöðu verktaka vegna framkvæmdarinnar þarf eftirfarandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

-  Starfsmannabúðir eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð 941/2002 um hollustuhætti.
-  Mötuneyti og neysluvatnsveita fyrir starfsmannabúðir er starfsleyfisskyld starfsemi skv. matvælalögum nr. 93/1995.


2.7 Orkuskipti


Aðgerðaráætlun um orkuskipti var samþykkt af Alþingi 31. maí 2017, en í henni er stefnt að því að auka hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldsneytis. Orkuskiptin leiða til orkusparnaðar, aukins orkuöryggis, gjaldeyrissparnaðar og minni losunar gróðurhúsalofttegunda.


3. Skilmálar

Með þessu deiliskipulagi er verið að stuðla að samræmdu yfirbragði, þannig að ekki verði ómarkviss uppbygging mannvirkja og jarðvegsframkvæmda.

Skilmálar:

 Skilmálar sem taka mið af landslagi: Við framkvæmd og hönnun verður haft að leiðarljósi að fyrirhugaðar framkvæmdir falli eins vel að landslaginu og kostur er og það efni sem nýtt verður til uppbyggingar verði sem mest af svæðinu.

 Skilmálar sem taka mið af náttúru: Fylgt verður ýtrustu varkárni við allar framkvæmdir til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúru og dýralíf. Framkvæmdin verði unnin utan varptíma fugla á svæðinu.

 Skilmálar sem taka mið af ásýnd: Efnisval skal taka mið af jarðarlitum, s.s. brúnum, gráum og grænum tónum, sem falla vel að landslagi og umhverfi til að draga sem mest úr sýnilegum áhrifum í landslaginu.

3.1 Mæli- og hæðablöð - hnitakerfi

Ekki er áætlað að gerð verði mæli- og hæðablöð fyrir svæðið. Hnitakerfi á uppdrætti er ÍSNET93.

3.2 Landnýting

Ekki er verið að ganga á gott ræktarland, því umrætt svæði er annars vegar gróinn mói með loðvíði, fjallavíði, krækilyngi og fleiri mólendistegundum og hins vegar fremur þurrir, allgrýttir hálendismelar á flötu eða hallandi landi. Við framkvæmdirnar verður öllu raski haldið í lágmarki og gengið frá þeim svæðum sem raskað verður eins og þau voru fyrir framkvæmdirnar.

Inntakslónið verður myndað með 1 m stíflu sem mun mynda u.þ.b. 200 m² tjörn. Lítil hluti af vatnsmagni Langadalsáar verður nýttur og leiddur um fallpípu um svæðið sem er gil og ógróið land mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á gróið land. Áætlað er að 180 l/s verði nýttir í virkjunina og skilað aftur í Langadalsá. Í skýrslu Vatnaskila „Kortlagning smávirkjanakosta Austurlands“ (2020) kemur fram að rennsli Langadalsár sé um 0,91 m³/l = 910 l/s og því er aðeins verið að nýta innan við 20% af vatnsmagni árinna á tæplega 700 m leið þar sem hún rennur um grýttan árfarveg/gil.

3.2.1 Lóð

Lóð fyrir stöðvarhús (500 m²) og lóð fyrir fjarskiptamastur (2.000 m²) eru sýndar á uppdráttum og skulu byggingar vera staðsettar innan þeirra ekki verður skilgreindur byggingarreitur. Vanda skal frágang í kringum byggingar og leggja áherslu á gott aðgengi og samræmi í heildarásýnd skipulagssvæðisins.

3.2.2 Stærð og hæð húsa

Við hönnun á byggingum verður lögð áhersla á að láta þær falla inn í umhverfið. Áætlað er að byggingarmagnið verði alls um 10 m².

3.2.3 Efnis- og litaval

Ekki eru settar fram sérstakar kvaðir um efnisval húsa, umfram það sem reglugerðir um byggingar og brunamál kveða á um. Hús skulu vera í litum er falla vel að umhverfinu, sbr. ákvæði gr. 6.1.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

3.2.4 Jarðstrengir

Jarðstrengir (rafmagn og ljósleiðari) verða lagðir frá rafstöðinni og upp að fjarskiptamastri. Þeir verða plægðir niður á a.m.k. 90 cm dýpi og lagður viðvörunarborði með. Vanda skal til allrar vinnu og frágangs verksins, ganga snyrtilega um verksvæðið og ljúka frágangi á svæðinu eins fljótt og kostur er.

Jarðstrengur að áningarstað við gatnamót Þjóðveg 1 og Vopnafjarðavegar nr. 85. Einungis verður gert ráð fyrir að lagnaleið sé fyrir hendi að tengjast virkjuninni og telur Neyðarlínan rétt að sýna lagnaleið ef Vegagerðin eða einhverjir þjónustuaðilar telja sér hag í að nýta orkuna. Neyðarlínan mun ekki að leggja þennan streng samhliða þessari framkvæmd, nema að orkunotandi hafi hafið undirbúning að slíkri þjónustu.

3.2.5 Fallpípa

Leggja fallpípu verður aðlögðu að landslagi og farið um lítið gróið land í útjaðri námu (E73) og allur frágangur vandaður og framkvæmdaraðili mun tryggja að öllu raski verði haldið í lágmarki.

Útbúið verður lítið inntakslón í gili sem áin rennur í og þaðan lögð niðurgrafin 400 mm pípa um 700 m leið að rafstöðinni, sem verður rétt neðan við bílastæði sem er við Þjóðveginn. Fallhæð verður við það um 40 m. Miðað er við að rafstöðin, sem er innan við 10 m², verði smíðuð á verkstæði og flutt fullbúin með túrbínu á verkstað.

3.2.6 Frágangur

Allur frágangur skal vera snyrtilegur, vandaður og fagmannlega unninn.

3.2.7 Vegir/slóðar

Slóð verður gerð meðfram fallpípu að rafstöðinni og núverandi slóð frá Þjóðvegi 1 upp á Gestreiðastaðahnjúk mun áfram verða nýttur fyrir fjarskiptamastrið.

3.2.8 Fjarskipti

Fjarskiptasamband er um farsímakerfi. Ljósleiðari liggur um svæðið og er sýndur á uppdrætti.

4. Umhverfisskýrsla

Deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Neikvæð áhrif á náttúru og gróður eru metin lítil eða óveruleg og áhrif á loftgæði og samfélag eru metin jákvæð (sjá töflu 1.) Rétt er að benda á að hætt verður að brenna um 11.000 lítrum af jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu..

Tafla 1 Mat á umhverfisáhrifum

Áhrif á:	Áhrif metin:	Lýsing:
Gróður	Lítill	Gróður á svæðinu er gróinn mói með loðvíði, fjallavíði, krækilyngi og fleiri mólendistegundum. Jarðvegur er sendinn og gróður er fremur lágvaxinn. Einhver áhrif verða við framkvæmdirnar sem munu jafna sig á nokkrum árum
Dýralíf	Lítill	Heiðagæsir og álftir eru helstu fuglar á svæðinu og unnið verður utan varptíma og eftir framkvæmdir verða áhrif lítil
Jarðfræði og jarðmyndanir	Óveruleg	Engar merkar jarðmyndanir eru þekktar innan svæðisins
Vatnshlot	Óveruleg	20% af vatnsmagni árinna á tæplega 700 m leið verður nýtt þar sem hún rennur um grýtt gil.
Landnotkun	Óveruleg	Ekki er verið að ganga á land sem notað er til ræktunar
Landslag og ásýnd	Óveruleg	Aðeins verðu lítið inntakslón og 10 m ² hús sem verður sjáanlegt sem er metið hafa óveruleg áhrif á ásýnd og landslag.
Minjar	Engin	Engar minjar fundust á svæðinu
Loftgæði	Jákvæð	Framkvæmdin mun bæta loftgæði þar sem hætt veður að brenna 11.000 l hrólú á ári
Samfélag	Jákvæð	Framkvæmdin mun bæta loftgæði þar sem hætt veður að brenna 11.000 l hrólú á ári
Öryggi	Óveruleg	Engin áhrif
Heildaráhrif á umhverfi	Óveruleg	Neikvæð áhrif á náttúru og gróður eru metin lítil eða óveruleg og áhrif á loftgæði og samfélag eru metin jákvæð.

5. Kynning, afgreiðsla og samþykkt

5.1 Samráð og kynning

Vinnslutillaga var gerð aðgengileg á vef Múlaþings og lá frammi á bæjarskrifstofu að Lyngási 12, Egilsstöðum frá 25. maí 2023 og kynning var aðgengileg á heimasíðu Múlaþings og var auk þess birt í Skipulagsgátt . Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum rann út 25. júní 2023.

5.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vopnafjarðarhreppur, Náttúrustofa Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST), Landsnet, Vegagerðin og Minjastofnun Íslands.

5.3 Samþykktir

DEILISKIPULAG ÞETTA, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 41. GR. SKIPULAGSLAGA

NR. 123/2010, VAR SAMÞYKKT _____ ÞANN _____ 2023

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ _____ 2023 MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL _____ 2023

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____ 2023
